



Salvör Nordal  
umboðsmaður barna  
Kalkofnsvegi 2  
101 Reykjavík

Dagsetning 24. september 2024  
Málsnúmer MRN24030067

## Svar við erindi til mennta- og barnamálaráðherra vegna biðlista

Vísað er til erindis umboðsmanns barna, dags. 11. mars 2024, vegna biðlista eftir þjónustu við börn. Beðist er velvirðingar á þeim tögum sem orðið hafa á svörum við erindinu. Í ráðuneytinu hefur mikil áhersla verið lögð á að gögn um þjónustu undirstofnanna ráðuneytisins, þ.m.t. gögn um biðlista, séu aðgengileg umboðsmanni barna þegar þeirra er óskað.

Þjónusta við börn og barnafjölskyldur hefur verið áherslumál hjá mennta- og barnamálaráðherra undanfarin ár. Unnið hefur verið að miklum kerfisbreytingum sem snúa að bættri þjónustu við börn og barnafjölskyldur í mennta- og barnamálaráðuneytinu.

Meðal þessara verkefna eru lög nr. 86/2021 um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna, sem fjallað er um í erindi umboðsmanns, en eins og bent er á í erindinu er í greinargerð með lögnum töluvert fjallað um mikilvægi snemmtæks stuðnings svo hægt sé að fyrirbyggja að vandi barna verði umfangsmeiri.

Lög um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna tóku gildi þann 1. janúar 2022. Markmið laganna er að allt samstarf vegna þjónustu við börn fari í skýran farveg og að öll börn og foreldrar þeirra sem á þurfa að halda hafi aðgang að samþættri þjónustu við hæfi án hindrana. Innleiðing á breytingunum skv. lögnum stendur yfir þvert á sveitarfélög og búast má við að það taki ákveðinn tíma áður en að áhrif þeirra koma að fullu fram.

Markmiðið er þannig að skapa heildarsýn og ramma um þau þjónustukerfi sem starfa með stoð í lögum og bera ábyrgð á þeirri þjónustu sem skiptir mestu máli fyrir farsæld barns. Mikilvægt er að hafa í huga að lög nr. 86/2021 eru bara einn liður í heildarendurskoðun á þjónustu í þágu farsældar barna. Samhliða hefur verið unnið að því að gera frekari breytingar á þjónustu innan einstakra málaflokka, meðal annars til að auka áherslu á framboð á þjónustu fyrir börn en þrátt fyrir að innleiðing laganna sé komin af stað er þó ljóst að verkefnið er umfangsmikið og er áætlað að innleiðing taki a.m.k. fimm ár. Áhrifamat sem unnið var í tengslum við verkefnið sýnir að aukin áhersla á snemmtækan stuðning mun leiða til fækkunar barna á biðlistum eftir annars og þriðja stigs þjónustu en þau áhrif koma ekki fram fyrr en eftir einhverj ár.

Í desember 2020 ákváðu þáverandi félags- og barnamálaráðherra, núverandi mennta- og barnamálaráðherra, og þáverandi heilbrigðisráðherra, núverandi innviðaráðherra, í sameiningu, að fá óháða ráðgjafa til þess að greina bið barna eftir heilbrigðis-, félags- og skólajónustu og koma með tillögur um leiðir til þess að draga úr bið barna eftir þjónustunni.

Niðurstöður greiningarinnar voru kynntar fyrir ráðherrunum í mars 2021 þar sem fram kom að óásættanleg bið væri eftir þjónustu á öllum þjónustustigum um land allt en aðgengi að þjónustu væri þó misjafnt eftir landshlutum. Fjöldi barna á bið eftir stigskiptri geðheilbrigðisþjónustu væri að aukast og biðtími hafði lengst jafnt og þétt frá árinu 2017. Fjöldi barna á bið eftir greiningu hjá þáverandi Greiningar og ráðgjafarstöð ríkisins hafði einnig aukist og sama var að segja um bið eftir þjónustu í úrræði á vegum þáverandi Barnaverndarstofu. Einnig kom fram í greiningunni að skortur væri á sérfræðingum og mikil samkeppni væri um starfsfólk á milli einkaaðila, stofnana ríkisins og sveitarfélaga. Vegna þessa skorts á sérfræðingum hefur reynst erfitt að ná niður biðlistum þrátt fyrir að Ráðgjafa- og greiningarstöð hafi fengið sérstakt fjármagn til að bregðast við biðlistum árin 2023 og 2024, eða samtals 160 m.kr. og 80 m.kr. áætlað fyrir árið 2025 Þá hefur Barna- og fjölskyldustofa frá árinu 2022 fengið 79,5 m.kr. til að bregðast sérstaklega við biðlistum. Önnur atvik hafa komið til sem hafa haft áhrif á biðtíma, t.d. heimsfaraldur COVID-19, og þá hefur nokkuð fjármagn verið lagt til húsnæðis stofnanna en húsnæðisvandi hefur haft bein áhrif á framboð þjónustu. Jafnframt má benda á að fólki á Íslandi hefur fjölgað um 41.543 frá árinu 2018. Hlutfall barna með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn í þjónustu hjá Ráðgjafar- og greiningarstöð var orðið 32% í lok árs 2023 og hlutfall barna með þennan bakgrunn þar sem óskað var eftir fósturforeldrum hjá Barna- og fjölskyldustofu var orðið 37%. Vegna þessa aukna fjölbreytileika í tungumálum og menningu, í þjónustu sem er í eðli sínu flókin og vandasöm, er aukið álag og þjónustan er tímafrekari og aukinn kostnaður kemur til, t.d. vegna túlkaþjónustu.

Frá gildistöku laga nr. 86/2021, í ársbyrjun 2022, hefur áhersla verið lögð á breytingar á þeim stofnunum sem þjónusta börn og barnafjölskyldur, t.d. með tilkomu nýrrar Barna- og fjölskyldustofu og Gæða- og eftirlitsstofnunar velferðarmála. Var einkum horft til Barna- og fjölskyldustofu að gegna lykilhlutverki við innleiðingu samþættingarinnar og gera þeim kleift að takast á við ný og breytt verkefni sem þeim var ætlað. Á sama tíma var einnig unnið að breytingum á lögum um þáverandi Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins, nú Ráðgjafar- og greiningarstöð, til að samræma þær áherslur sem tengjast auknu samstarfi og samþættingu þjónustu í þágu barna. Þá hefur verið einnig verið unnin stefnumótun innan Ráðgjafar- og greiningarstöðvar til að styrkja innviði hennar enn frekar. Samhliða hefur verið unnið að ýmsum verkefnum sem tengjast því að efla snemmtækan stuðning, skólaþjónustu o.fl. Sem dæmi má nefna frumvarp til laga um inngildandi menntun sem er á þingmálaskrá 155. löggjafarþings og ætlað er að styrkja skóla- og frístundastarf og rétt barna til þjónustu en unnið er að endanlegri útfærslu frumvarpsins innan ráðuneytisins. Í frumvarpsdrögum sem birt voru í Samráðsgátt stjórnvalda er m.a. er tekið fram að greining eða annað formlegt mat á þörfum barns sé ekki forsenda þess að börn og ungmenni njóti þjónustu og stuðnings og er það áréttað þar sem löng bið getur verið eftir greiningum og mikilvægt að þörfum barns sé mætt á meðan beðið er.

Í fyrirspurn umboðsmanns er óskað eftir afstöðu mennta- og barnamálaráðherra til þess hvort að löng bið barna eftir þjónustu hjá Ráðgjafar- og greiningarstöð og Barna- og fjölskyldustofu samræmis þeim almennum viðmiðum sem embætti landlæknis hefur sett um heilbrigðisþjónustu og hver afstaða ráðherra sé varðandi það hvort umræddur biðtími barna eftir þjónustu væri samræmanlegur lögum um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna nr. 86/2021. Þá óskar umboðsmaður eftir upplýsingum um með hvaða hætti ráðherra hafi í hyggju að bregðast við þessari stöðu.

Svar mennta- og barnamálaráðuneytisins við fyrsta hluta spurningarinnar er að sú þjónusta sem er veitt af Ráðgjafar- og greiningarstöð og Barna- og fjölskyldustofu er fjölbreyttari en svo að hún falli að öllu leyti undir það að teljast heilbrigðisþjónusta. Er því að mati ráðuneytisins ekki hægt að

líta svo á að viðmið embættis landslæknis, sem umboðsmaður barna tilgreinir í bréfi sínu, eigi við um þjónustu þessara stofnana. Þó er ljóst að eftirspurn eftir þjónustunni er meiri en unnt er að mæta innan 90 daga sem eru þau viðmið sem umboðsmaður barna vísar til.

Hvað varðar síðari hluta spurningarinnar er markmið vinnu við samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna að leita allra leiða til að ryðja í burtu hindrunum sem kunna að vera á því að börn njóti þjónustu sem þau eiga rétt á og að samvinna þjónustukerfa sé best til þess fallin að stuðla að því að barn fái þjónustu við hæfi þegar þörf er á. Lögin sjálf kveða aftur á móti ekki á um ákveðinn biðtíma.

Það er skýr afstaða mennta- og barnamálaráðherra að börn eigi ekki að búa við biðlista þegar kemur að mikilvægri þjónustu. Þrátt fyrir þær breytingar sem nefndar hafa verið hér að ofan þá hefur árangurinn ekki verið ásættanlegur enn sem komið er. Til að ná því markmiði sem að er stefnt þarf áfram að byggja upp sterka innviði, halda áfram að styðja við uppbyggingu fyrirbyggjandi aðgerða og snemmtæks stuðnings og vinna á biðlistum fyrir sértæka þjónustu. Í þessum áskorunum eru engar skyndilausnir heldur þarf að halda áfram þeim kerfisbreytingum sem unnið hefur verið að undanfarin ár, m.a. í mennta- og barnamálaráðuneytinu.

Hér að framan hefur verið vísað til aðgerða en ekki er hægt að fjalla með tæmandi hætti um allar þær aðgerðir sem unnið er að í ráðuneytinu og fyrirhugaðar eru sem eru með einum eða öðrum hætti viðbrögð við áskorunum sem birtast í bið barna eftir sérhæfðri þjónustu. Ráðuneytið ítrekar að það er alltaf tilbúið að kynna verkefni sem ráðuneytið vinnur að fyrir umboðsmanni barna og veitir allar frekari upplýsingar um einstök verkefni ef óskað er eftir því.

F.h. ráðherra



Erna Kristín Blöndal

F.h. ráðherra



Anna Tryggvadóttir